

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Tilgangur sjóðsins er að vera skáklífina á Íslandi til styrktar. Styrki skal veita úr sjóðnum til verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.

Sjóðurinn skal þannig t.a.m. styrkja efnilega, unga skákmenn og greiða fyrir þjálfun þeirra og stuðla að skákkennslu á Íslandi. Einnig skal hann stuðla að heimsóknnum erlendra skákmanna og standa fyrir eða styrkja skákmót sem kunna að verða haldin.

4. gr.

Stofnandi.

Sjóðurinn er stofnaður með erfðafé sem Sigtryggur Sigurðsson, kt. 010346-2319, dáinn 2. desember 2014, ánafnaði sjóðnum með erfðaskrá og sem skyldi settur á fót eftir hans dag.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 75.000.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stjórn sjóðsins annast vörslu hans.

6. gr.

Stjórn.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti þeir Júlíus Bjarnason, kt. 190356-5239 og Stefán Bjarnason, kt. 041259-5749 í samræmi við erfðaskrána. Þeir skulu tilnefna aðra stjórnarmenn sem allir skulu síðar tilnefna aðra stjórnarmenn í sinn stað. Stjórnarstörf eru ólaunuð, en sjóðurinn ber kostnað af öllum rekstri hans.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskrift stjórnar skuldbindur sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn. Sjóðstjórn annast úthlutun styrkja.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Sjóðstjórn ber að halda formlega fundargerðabók um starf sitt og skal afritum af fundargerðum skilað til stjórnar Skák-sambands Íslands.

Stjórnarmenn skulu vera tveir þar til annar hvor þeirra Júlíusar eða Stefáns lætur af störfum. Eftir það skal fjöldi þeirra vera þrír.

Starfstími stjórnarinnar meðan Júlíus og Stefán gegna báðir stjórnarstörfum er ótímabundinn. Eftir það er skipunartími stjórnarmanna 5 ár í senn.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Skáksambands Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar þess.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. febrúar 2016,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.